

Prentsmiðjueintök



*Sýning í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni
7. febrúar – 16. ágúst 2015*



Sýndar eru 137 bækur og bæklingar úr safni Svans Jóhannessonar. Eitt eintak úr hverri prentsmiðju sem kallast prentsmiðjueintök. Auk þess má skoða merkar bækur úr prentsögunni í eigu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns o.fl.

Eftirtaldar bækur eru úr Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, nema annars sé getið. Sagan er rakin frá því farið var að prenta bækur á Íslandi 1530, eða þar um bil og til þess tíma að safn Svans tekur við um aldamótin 1800. Þá eru hér sýndar nokkrar bækur sem hafa verið þýddar á kínversku, en þær eru í eigu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Bjarna Harðarsonar og Svans Jóhannessonar.

GUTENBERGSIBLÍA

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Gutenbergsbiblía var prentuð í Mainz í Þýska-landi. Fyrstu bækurnar voru þryktar á árunum 1444–1445. Hún var ljósprentuð í New York 1961 og bókin sem hér er til sýnis er af þeirri prentun. Bókin er stærsta og þekktasta verk þýska uppfinningamannsins Jóhannesar Gutenbergs. Árið 1978 var Gutenbergsbiblía seld á uppboði fyrir 154 milljónir króna. Í byrjun 21. aldar voru einungis til 48 eintök af þessari fegurstu prentbók allra tíma. Og löndin sem eiga þau eru: Austurríki (1), Belgía (1), Japan (1), Portúgal (1), Pólland (1), Sviss (1), Danmörk (2), Rússland (2), Spánn (2), Vatíkanið (2), Frakkland (3), Bretland (9), Bandaríkin (10) og Þýskaland (12). Af þeim eru bara 16 heil, tólf pappírs og fjögur bókfells; hin mismikið sködduð.

Ef Gutenbergsbiblía kæmi á markað einhvers staðar í náninni framtíð myndi hún ugglauast seljast á 7 milljarða króna. Annars er hún nú aðgengileg á stafrænu formi á Netinu, m.a. á slóðinni www.gutenbergdigital.de.



Johannes Gutenberg. Á þessu ári eru 571 ár frá prentun Gutenbergsbiblíu í Mainz í Þýskalandi.

Monumenta Typographica Islandica (VOL. I–VI)

eru ljósprentaðar útgáfur af fornbókum Íslendinga. Þær voru prentaðar í Kaupmannahöfn á árunum 1933–1942.

NÝJA TESTAMENTI ODDS GOTTSKÁLKSSONAR (Vol. I)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð hjá Hans Barth í Roskilde í Danmörku 1540.

Ljósprent: Prentað hjá Prentsmiðju S. L. Møller í Kaupmannahöfn 1933.

Bókin: NÝJA TESTAMENTI ODDS GOTTSKÁLKSSONAR er elsta bók sem vitað er til að prentuð hafi verið á íslensku.

PASSIO eftir Antonius Corvinus (Vol. IV)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð í Prentsmiðjunni á Breiðabólstað í Vesturhópi 1559.

Ljósprent: Prentað í Kaupmannahöfn hjá Vald. Fredesens Bogtrykkeri 1936.

Bókin: Passio er sex prédikanir um písl Kristis í íslenskri þýðingu frá 16. öld. Hún er hvergi til í heiminum svo kunnugt sé, nema eitt eintak sem Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn á. Þessi eftirmynd er gerð eftir henni.



Antonius Corvinus.
Einn helsti áhrifa-
valdur siðaskipta í
Norður-Þýskalandi.

GUÐSPJALLABÓK ÓLAFS BISKUPS HJALTASONAR (Vol. II)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð að Breiðabólstað í Vesturhópi 1562 af Jóni Matthíassyni.

Ljósprent: Prentað hjá Prentsmiðju S. L. Møller í Kaupmannahöfn 1933.

Bókin: Guðspjallabók Ólafs biskups Hjaltasonar. Jón biskup Arason sendi hann utan á konungsfund í sinn stað 1542. Ólafur snérist þá til lúterstrúar og var dæmdur frá embætti er hann kom heim aftur. Fór þá að boða hina nýju trú en var rekinn af staðnum með valdi og meiddist á fæti. Flúði þá til Suðurlands og fór síðan aftur til útlanda.

LÖGBÓK ÍSLENDINGA (Jónsbók) (Vol. III)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð hjá Hólaprentsmiðju Guðbrands Þorlákssonar 1578.

Ljósprent: Prentað hjá Specialbogtrykkeriet í Kaupmannahöfn 1934.

Bókin: Lögbók Íslendinga (Jónsbók) var fyrsta veraldlega bókin sem vitað er um að prentuð hafi verið á íslensku. Guðbrandur biskup lét prenta hana að beiðni Jóns Jónssonar lögmanns.

GUÐBRANDSBIBLÍA

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Guðbrandsbiblía var prentuð í Hólaprentsmiðju Guðbrands Þorlákssonar 1584.

Ljósprent: Guðbrandsbiblía hefur tvisvar verið ljósprentuð hér á landi sem næst í upprunalegri mynd. Lithoprent sá um fyrri útgáfuna árið 1956 og var upplagið 500 eintök. Bókaútgáfan Lögberg gaf bókina út aftur árið 1984, þegar minnst var 400 ára afmælis Guðbrandsbiblíu og var upplagið 400 eintök.

Bókin: Í Guðbrandsbiblíu er að finna allar þær leturgerðir sem til voru á Íslandi á þessum tíma. Meginmál var prentað með brotalettrinu fraktúr. Jaðargreinar með Sváfalækjarlettri og rómverskar tölur með fornalettri, sem í daglegu tali var nefnt latínuletur. Á þessu ári eru 431 ár frá prentun Guðbrandsbiblíu á Hólum. Biblían hefur verið þýdd á 366 tungumál, en Guðbrandsbiblía var 17. heildarútgáfa Biblíunnar í heiminum.



Guðbrandur
Þorláksson.

VÍSNAÐÓK GUÐBRANDS BISKUPS (VOL. V)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð hjá Hólaprentsmiðju 1612.

Ljósprent: Prentað í Kaupmannahöfn hjá Vald. Fredesens Bogtrykkeri 1937.

Bókin: Fyrsta ljóðasafnið sem prentað var á íslensku. Sýnisbók kristilegs kveðskapar tveggja alda, þótt tímabilið eftir siðbreytingu sé náttúrulega fyrirferðarmest í henni.

HARMONIA EVANGELICA eftir Martin Chemnitz

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð í Skálholtsprentsmiðju 1687.

Guðspjallanna samhljóðan eða Harmonia Evangelica, myndskreytt bók um holdgun og hingaðburð Jesú Krists, hans framferði, lærdóm, kenningar og kraftaverk, hans pínu, dauða, upprisu og uppstigningu, svo sem þeir heilögu guðspjallamenn, Mattheus, Markús, Lúkas og Jóhannes hafa skrifað. Samantekin í eitt af þeim háttupplýstu guðsmönnum, D.Martino Chemnitio, D. Polycarpo Lysero og D. Johanne Garhardo.

Bókin: 1. útgáfa prentuð í Skálholtsprentsmiðju 1687. – 2. útgáfa prentuð á Hólum 1749. – 3. útgáfa prentuð í Viðeyjar Klaustri 1838.

GRØNLANDIA eftir Arngrím Jónsson (Vol. VI)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð í Skálholtsprentsmiðju 1688.

Ljósprent: Prentað í Kaupmannahöfn hjá Vald. Fredesens Bogtrykkeri 1942.

Bókin: Grænlands Saga eftir Arngrím Jónsson frá Auðunnarstöðum í Víðidal var fyrst skrifuð á latínu en því næst þýdd á íslensku af Einari Eyjólfssyni.

GRALLARINN var sniðinn eftir Graduale eftir Niels Jespersson, (1573)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Grallarinn var fyrst prentaður á Hólum 1594 og markaði nýjan þátt í sögu prentlistarinnar hér á landi því þá var farið að nota söngmerkjastílinn („nóturnar“).

Þessi 15. útgáfa var prentuð á Hólum í Hjaltadal af Halldóri Eiríkssyni MDCCXL-IX, 1749.

Bókin: Graduale, ein almennileg messusaungsbók, innihaldandi þann saung og Ceremoniur, sem í kirkjunni eiga að syngjast og haldast hér í landi eftir góðri og kristilegri siðvenju, sem og vors allranáðugasta arfa kóns og herra, kirkju-ritual. – Selst almennt innbundin á 30 fiska.

NOKKRIR MARGFRÓÐIR SÖGUPÆTTIR ÍSLENDINGA

Eigandi: Svanur Jóhannesson

Prentuð á Hólum í Hólaprentverkinu síðasta 1756.

Ljósprent: Prentað í Endurprent í Reykjavík 1967. Inngangur prentaður í Alþýðuprentsmiðjunni.

Bókin: Þetta er elsta útgáfa fornrita í þeim flokki, sem nefndur hefur verið Ísleendinga sögur.

FERÐABÓK Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Eggert Ólafsson 1726-1768: Des Vice-Lavmands Eggert Olafsens und des Landphysici Bjarne Povelsens Reise durch Island veranstaltet von der Königlichen Societät der Wissenschaften in Kopenhagen und beschrieben von bemeldtem Eggert Olafsen. Aus dem dänischen übersetzt. Mit 25 kupfertafeln und einer neuen charte über Island versehen. Kopenhagen und Leipzig: Heinecke und Faber, 1774-75.

MISSERASKIPTA - OFFUR eftir Jón Guðmundsson

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð í Hrappseyjarprentsmiðju í Hrappsey af Magnúsi Móberg árið 1794.

Bókin: Tvisvar sjöfalt Misseraskipta - Offur, eða fjórtán heil. Hugleiðingar sem lesast kunna á fyrstu sjö dögum sumars og vetrar: Til guðrækilegrar brúkunar, samanskrifaðar af séra Jóni Guðmundssyni, seinast presti í Reykjadal.

VÍDALÍNSPOSTILLA eftir Jón Þorkelsson Vídalín biskup í Skálholti

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Húspostilla, innihaldandi guðrækilegar predikanir yfir öll hátíða og sunnudaga guðspjöll. Þessi 10. útgáfa var prentuð á Hólum í Hjaltadal af Jóni Jónssyni 1798-1799. Bókin var fyrst prentuð á Hólum 1718-1720. Húspostilla, innihaldandi guðrækilegar predikanir yfir öll hátíða og sunnudaga guðspjöll. Báðir hlutarnir til samans innbundnir voru seldir á 105 fiska. Hún er stundum nefnd Jónsbók og var ein mest lesna bók á Íslandi í eina og hálfa öld.

HENTUG HANDBÓK fyrir hvörn Mann eftir M. Stephensen

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentuð í Prentsmiðjunni á Leirárgörðum í Leirársveit af G. J. Skagfjörð 1812.

Bókin: Er með útskýringu hreppstjórnar instruxins innihaldandi ágríp, safn og útlistun helstu gildandi lagaboða um Íslands landbústjórn og önnur almenning umvarðandi opinber málefni. Skrifuð og útgefin af Magnúsi Stephensen. Konunglegrar hátignar virkilegu etatsráði og jústitiario í Íslands konungl. landsyfírrétti.

KLAUSTURPÓSTURINN (1. árg. júní Nr. 6, 1818-)

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentaður í Prentsmiðjunni á Beitistöðum í Leirársveit, af Guðmundi J. Skagfjörð, í júní 1818.

Tímarit: Útgefandi: Magnús Stephensen og kostaður og útsendur af honum, konunglegrar hátignar konferensráði jústistíaríó í Íslands konunglega landsyfírrétti og meðlimi ýmissa konungl. lærdómsfélaga.

SUNNANPÓSTURINN

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentaður í Prentsmiðjunni í Viðeyjar Klaustri, af bókþrykkjara Helga Helgasyni, í apríl 1838.

Mánaðarrit: Ritstjóri: Árni Helgason, útsendur að tilhlutan Árna Helgasonar, stiptprófasts og riddara af Dannebrog. Útgefandi: Nokkrir meðlimir Bókmenntafélagsins.



FERÐABÓK GAIMARDS – Voyage en Islande eftir Paul Gaimard

Eigandi: Svanur Jóhannesson

Frumritið Voyage en Islande et au Groenland var steinprentað í París 1838-1852. Flestallar myndirnar eru eftir Auguste Mayer landslagsmálara leiðangursins, en myndagerðarmennirnir sem bjuggu þær til steinprentunar voru fjórtán talsins.

Ljósprentun bókarinnar fór fram í Lithoprent í Reykjavík 1967, en bókin var bundin í Bókfelli. Bókaútgáfan Asór gaf bókina út, en Haraldur Sigurðsson bókavörður og Eggert Þorbjarnarson sáu um útgáfuna. Það hefur aldrei verið gefið út jafnmikið viðhafnarrit um Ísland í máli og myndum.

SMÁVEGIS

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Prentað hjá Jóni Ólafssyni í Prentsmiðju Benedikts Sveinssonar á Elliðavatni 1872. Benedikt hafði í huga útgáfu á nýju þjóðmálablaði til styrktar sjálfstæðisbaráttunni sem var áberandi um þessar mundir og fór til Kaupmannahafnar 1871 til að útvega prentbúnað og sótti jafnframt um prentsmiðjuleyfi. Tækin komu um vorið 1872 og mælti Benedikt ákveðið svo fyrir að tækin væru ekki notuð á meðan

prentsmiðjuleyfið væri ekki komið. Það reyndist Jóni Ólafssyni þó um megn og hófst handa. Hið fyrsta sem hann lét prenta voru ljóð eftir hann sjálfan á norsku, Til det norske Dampskib Jón Sigurðsson, en á eftir fylgdi þetta litla blað, Smávegis. En þar með lauk starfseminni. Stiftamtmaður brá hart við, innsiglaði tækin og gerði blaðið upptækt. Jón náði þó að prenta annað upplag af Smávegis og eru því til tvær útgáfur af þessu fágæta blaði.

Íslenskar bækur þýddar á kínversku

PASSÍUSÁLMAR eftir Hallgrím Pétursson

Eigandi: Bjarni Harðarson

Þýddir á ensku af Dr. C. V. Pilcher og síðan á kínversku af Harry Price. Prentuð í Shanghai 1929 fyrir íslenskt samskotafé en Ólafur Ólafsson kristniboði sá um útgáfuna.

Nonni og Manni eftir Jón Sveinsson

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

(Nonni und Manni – Nonni und Elis)

Prentuð í Kína 1931.

Brúðarkjöllinn eftir Kristmann Guðmundsson

Eigandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Chen Yang Li Fu.

Kínversk þýðing: T'ang Hsü Chih.

Prentuð og útgefin hjá Commercial Press í Shanghai 1936.

DAGBÓK OG LJÓÐ Jóhannesar úr Kötlum

Eigandi: Svanur Jóhannesson

Dagbók Jóhannesar úr Kötlum úr vináttuheimsókn til Kína árið 1952 eftir handriti í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Í kjölfar ferðarinnar var Kínversk - íslenska menningarfélagið, Kim, stofnað þann 20. október árið 1953 og var útgáfa bókarinnar í tilefni af 60 ára afmæli þess.

Kínversk þýðing: Nemendur í íslenskudeild Pekingháskóla erlendra fræða 2008-2012. Bókin var prentuð og gefin út í Peking haustið 2013.